## AUGLÝSING

### um breytingu á kærufresti ríkisskattanefndar.

175
30. sept.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanefndar út af tekju- og eignarskatti, álögðum utan Reykjavíkur, vera til 20. okt. 1957.

Kærufrestur fyrir Reykjavík verður auglýstur síðar.

*Fjármálaráðuneytið, 30. september 1957.*

F. h. r.
**Sigtr. Klemenzson.**

*Jón Skaftason.*

## AUGLÝSING

### um breyting á kærufresti ríkisskattanefndar.

176
19. okt.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanefndar út af tekju- og eignarskatti, álögðum í Reykjavík, vera 14 dagar frá dags. úrskurðar yfirskattanefndar Reykjavíkur.

*Fjármálaráðuneytið, 19. október 1957.*

F. h. r.
**Sigtr. Klemenzson.**

*Jón Skaftason.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á samþykktum héraðssamlaga.

177
29. okt.

Samkvæmt lögum nr. 24. 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykkt fyrir eftirgreint héraðssamlag, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

| | Staðfest: |
|---|---|
| 17. Í Norður-Þingeyjarsýslu ........................................ | 29. okt. 1957. |

*Félagsmálaráðuneytið, 29. október 1957.*

F. h. r.
**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*